

Forsætisnefnd

Samþykkt fyrir aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur í málefnum fatlaðs fólks.

Forsætisnefnd hefur borist tillaga mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um nýja samþykkt fyrir aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur í málefnum fatlaðs fólks en eins og samþykktin ber með sér mun nefndin sem kemur í stað starfandi ferlinefndar fatlaðs fólks, starfa í umboði borgarráðs og í samræmi við ákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Nefndin mun taka við öllum verkefnum ferlinefndarinnar auk þess sem hún fer með lögbundin verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um frekari starfsemi nefndarinnar vísast til meðfylgjandi samþykktar sem hefur verið yfirfarin af skrifstofu borgarstjórnar en óskað er eftir því að forsætisnefnd afgreiði samþykktina til staðfestingar borgarstjórnar með vísan til ákvæða 3. tl. 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar